

Flóahreppur
Margrét Sigurðardóttir,
sveitarstjóri
Þingborg
801 Selfoss

Umhverfisstofnun
Áb. _____
23. des. 2010 10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. desember 2010
Tilvísun: UST20100300017/ksj

Aðalskipulag Flóahrepps 2006 - 2018 í fyrrum villingaholtshreppi

Vísað er til erindis sveitastjórnar Flóahrepps er barst 3. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Flóahrepps 2006 – 2018 í fyrrum Villingaholtshreppi. Umhverfisstofnun hefur áður veitt umsagnir um ofangreinda aðalskipulagstillögu og eru þær dagsettar 3. mars 2008 og 5. ágúst 2008. Um leið og Umhverfisstofnun ítrekar fyrri umsagnir vill stofnunin benda á að í fyrri tillögum er farið yfir umhverfisáhrif Urriðafossvirkjunar, en í tillögunni er barst í mars sl. er því sleppt að fara yfir umhverfisáhrif er virkjunarinnar. Í stað mats er eins og fram kemur í kaflanum um aðferðir og framsetningu umhverfismatskýrslu, í umhverfisskýrslu skipulagstillögunnar rakinn úrskurður Skipulagsstofnunar frá 19. ágúst 2003 þar sem fallist er á framkvæmdina með skilyrðum.

Umhverfisskýrsla

Í heildarniðurstöðu matsvinnu vegna umhverfisáhrifa aðalskipulags fyrrum Villingaholtshrepps eru umhverfisáhrif aðalskipulagstillögunnar talin þegar á heildina er litið vera frekar jákvæð og að aðalskipulagstillagan sé ekki líkleg til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma skýrar fram að þessi niðurstaða er einungis fengin, svo framarlega sem að farið er að skilyrðum þeim um mótvægisáðgerðir og aðrar áðgerðir sem fram koma í úrskurði Skipulagsstofnunar um umhverfismat Urriðafossvirkjunar. Því þyrfti tilvísun í þessi skilyrði að koma skýrt fram í niðurstöðu umfjöllunarinnar um umhverfisáhrif skipulagstillögunnar.


Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson

Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur